

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Sveitarfélagið Árborg
Einar Njálsson,
bæjarstjóri
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík, 4. ágúst 2005
Tilvísun: UST20040300168/óaj

Drög að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Árborgar dags. 29. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um ofangreind drög að aðalskipulagi í samræmi við skipulags- og byggingarlög og skipulagsreglugerð. Jafnframt er vísað til fundar Umhverfisstofnunar, skipulagsráðgjafa og fulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar þann 26. júlí sl. þar sem aðalskipulagstillagan var kynnt og farið yfir helstu þætti skipulagsins.

Umhverfisstofnun vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum við aðalskipulagstillöguna.

Efnistaka

Umhverfisstofnun telur að gerð heildaráætlunar um núverandi og fyrirhugað námusvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998, sé mikilvægur hluti af aðalskipulagsgerð. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð efnistökusvæða og fjalla um efnistöku í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig þarf að marka á sem nákvæmastan hátt fyrir útlínum núverandi og fyrirhugaðra efnistökusvæða á skipulagsupprætti.

Umhverfisstofnun telur að upplýsingar og áætlanir um efnistöku eigi að vera settar fram í aðalskipulagi í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd, sem fjallar um nám jarðefna. Í því sambandi má benda á að ekki þarf að leita umsagnar stofnunarinnar um námur skv. 47. gr. fyrrgreindra laga ef fyrir liggur umsögn stofnunarinnar um námur skv. 33. gr. laganna. Ef opnaðar verða nýjar námur innan sveitarfélagsins telur stofnunin brýnt að henni berist áætlanir um efnistöku og upplýsingar um vinnslutíma og frágang efnistökuastaða, í samræmi við ákvæði 48. og 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að einungis er markað fyrir námu, sem staðsett er neðan Eyrarbakkeveggar, með hringtækni á aðalskipulagsupprætti. Stofnunin telur að séu upplýsingar fyrir hendi, þurfi að marka á fullnægjandi hátt fyrir útlínum efnistökusvæða í aðalskipulagi á sama máta og annarra landnotkunarflokka. Þá telur stofnunin að koma verði fram hversu mikið efni er tekið á viðkomandi stað en í greinargerð kemur einungis fram að þar sé sjálfbær sandnáma.

Umhverfisstofnun telur rétt að skýrt komi fram í greinargerð aðalskipulagsins að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi

sveitarstjórnar. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr., er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir en að fenginni umsögn framangreindra aðila, sbr. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt komi fram að áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að efnistaka getur fallið undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veita starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en það kemur ekki fram í greinargerð aðalskipulagsins.

Skógrækt

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sýnt verði á sérstöku þemakorti hvar fyrirhugað er að hefja skógrækt eða trjárækt á skipulagstímabilinu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Mikilvægt er að vísa til ofangreindrar reglugerðar í greinargerð skipulagsins. Jafnframt þarf að koma fram að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum tilkynningarskyld og kann hún að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruvernd

Í sveitarfélaginu Árborg eru engin friðlýst svæði en þar eru 6 svæði svæði sem eru skilgreind sem önnur svæði á náttúruminjaskrá.

Í kafla 4.4.2. *Náttúruminjar* í greinargerð aðalskipulagstillögunnar segir m.a.: „Í nýju aðalskipulagi eru gerðar breytingartillögur á mörkum þessara svæða í samráði við Umhverfisstofnun.“ Í kafla 4.7.8 segir að afmörkun svæða á náttúruminjaskrá sé sýnd á aðalskipulagsuppráttum, en mörkin hafi verið endurskoðuð í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki hafa komið fram tillögur um breytingar á mörkum tveggja svæða sem eru á náttúruminjaskrá og talin eru upp í greinargerðinni, þ.e. Hraunbolla (svæði nr. 748) og Keranna (svæði nr. 774). Hins vegar hefur verið haft samráð við Umhverfisstofnun vegna tillagna um breytingar á mörkum hinna svæðanna fjögurra. Lagfæra verður orðalag í greinargerðinni svo að ekki fari á milli mála um hvaða svæði er að ræða. Jafnframt væri eðlilegt að í greinargerðinni kæmi fram í hverju breytingarnar felast. Þá bendir Umhverfisstofnun á að breytingar á mörkum svæða sem eru á náttúruminjaskrá þarf að leggja fyrir umhverfisráðherra og auglýsa í Stjórnartíðindum. Fyrir en það hefur verið gert taka breytingarnar ekki gildi. Þess ber að geta að mörk svæða á náttúruminjaskrá, sem og svæða sem eru á náttúruverndaráætlun, eru sett fram með fyrirvara og ber að líta á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í greinargerð að í skýrslu Umhverfisstofnunar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði* er lagt til að ströndin frá Ölfusá að Loftsstöðum ásamt fjörum (svæðið Eyrarbakki og Stokkseyri) verði friðlýst. Svæðið er þó ekki meðal þeirra svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi.

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 4.4.1 *Almennt* vantar orðið „vistgerðir“ þar sem talið er upp hvað telst til náttúruminja, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að gert er ráð fyrir stækkun fuglafriðlandsins í Flóa samkvæmt skipulagstillögunni.

Fráveita

Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar segir m.a.: „*Ekki er búið að fá staðfestingu Umhverfisstofnunar hvernig viðtaki Ölfusá er fyrir fráveituvatn, en vonast er eftir úrskurði þar um þegar endanleg skýrsla um fráveitumál í Sveitarfélaginu Árborg verður lögð fram.*“ Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin staðfestir aðeins skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Samkvæmt II. viðauka B í reglugerðinni eru það aðeins sjór eða hafsvæði sem geta talist síður viðkvæm svæði. Ölfusá getur því ekki talist síður viðkvæmt vatnasvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólþi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun hvetur til þess að sveitarfélagið setji sér *tímasett* markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu. Stofnunin telur mikilvægt að í aðalskipulagi sé gert grein fyrir söfnun, meðferð og losun skólþs og meðhöndlun seyru.

Sorpförgunarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að komin er út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð sem á að vera lokið fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í greinargerð hvernig þeirri vinnu fram vindur hjá sveitarfélaginu.

Golf

Í drögum að aðalskipulagi er m.a. fjallað um fyrirhugaðan golfvöll milli Eyrarbakka og Stokkseyrar, á marbakkanum austan, norðan og vestan við Gamla-Hraun.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem um ræðir er á náttúruminjaskrá:

Gamla-Hraun og nágrenni, Eyrarbyggð, Árneshólmur, (1) Landspilda milli fjöru og vega nr. 33 og 34, vestan Hraunsár og austan Litla-Hrauns. (2) Fjölbreytt lífríki.

Það er álit stofnunarinnar að forðast beri að leggja ofangreint svæði undir starfsemi eins umfangsmikla og hér um ræðir, enda kann hún að rýra töluvert verndargildi svæðisins.

Flug

Í drögum að aðalskipulagi er gert ráð fyrir staðsetningu nýs flugvallar í Stokkseyrarmýri, verði nauðsynlegt að flytja flugvöllinn á skipulagstímabilinu.

Umhverfisstofnun bendir á að mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærra njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á mýrum og flóum.

Búgarðabyggð

Í ofangreindum drögum að aðalskipulagi er gert ráð fyrir nokkrum landbúnaðarsvæðum sem skipulögð verða sem búgarðabyggð. Um er að ræða heilsársbyggð en ekki frístundabyggð. Ekki er reiknað með hefðbundnum landbúnaði með framleiðslurétti en heimiluð ýmis atvinnustarfsemi tengd landbúnaði, s.s. ýmis konar dýrahald og ræktun. Stunda má fræðslustarfsemi eða námskeiðahald á svæðunum.

Umhverfisstofnun bendir á að sum þeirra svæða sem ætluð er fyrir búgarðabyggð njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 eins og að framan getur. Hætta er á að stórum mýrlendum verði spillt vegna áforma um slíka byggð skv. aðalskipulagstillögunni. Umhverfisstofnun bendir á að í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Meðal markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Einnig að unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal áfram leitast við að endurheimta votlendissvæði sem ræst hafa verið fram. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Umhverfisstofnun telur því að gera eigi ráð fyrir endurheimt votlendis til samræmis við það votlendi sem tapast undir fyrirhugaða búgarðabyggð.

Vatnsvernd

Í kafla 4.4.8 *Vatnsvernd* segir m.a.: „*Samkvæmt gr. 4.21 í skipulagsreglugerð skulu verndarsvæði vegna grunnvatns og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum skilgreind og flokkuð.*”

Umhverfisstofnun bendir á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er því umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki í samræmi við núgildandi reglugerðir. Í núgildandi reglugerðum eru til dæmis ekki skilgreind „*verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum*”.

Samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn, í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðarinnar og skulu á skipulagsuppdrætti aðalskipulags koma fram langtímamarkmið. Einnig skal kortleggja svæði viðkvæm fyrir mengun og menguð svæði, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.


Umhverfisstofnun hvetur til þess að sett verði fram *tímasett markmið* varðandi það hvernig ákvæði reglugerðanna verða uppfyllt.


Samgöngur

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir færslu þjóðveggar (Suðurlandsveggar) norður fyrir Selfoss og að byggð verði ný brú yfir Ölfusá. Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni kemur fram að á núverandi aðalskipulagi Selfoss sé tekið frá svæði fyrir þennan nýja veg og að unnið sé að frumdrögum að veginum þar sem nánari staðsetning

hans verði ákveðin. Í kafla 6.2 *Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum* kemur fram að reikna megi með sérstöku mati á umhverfisáhrifum á nýjum Suðurlandsvegi. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til athugasemda við þær framkvæmdir sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á síðari stigum.

Virðingarfyllt


Sigurrós Friðriksdóttir
Fagsviðsstjóri


Hóelgi Jónsson

Forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs

Afrit: Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar
Vinnustofan Þverá, b.t. Valdísar Bjarnadóttur
Skipulagsstofnun